



**Starfsreglur
Hvítasunnukirkjunnar
á Íslandi**

Barna og unglingastarf

Efnisyfirlit:

1. Yfirlýsing Hvítasunnukirkjunnar bls. 2
2. Barnaverndarlög bls. 3 - 4
3. Skilgreining ofbeldis gagnvart börnum bls. 5
4. Ábyrgð kirkjunnar bls. 5 - 6
5. Viðbragðsáætlun bls. 6
6. Eftirfylgd bls. 7
7. Helstu símanúmer og sérfræðingar bls. 8

Útgefandi: Hvítasunnukirkjan á Íslandi
Hátún 2, 105 Reykjavík

1. útgáfa 2013

Samantekt: Hafliði Kristinsson
Umbrot: Aron Hinriksson

1. Yfirlýsing Hvítasunnukirkjunnar

Hvítasunnukirkjan ber virðingu fyrir gildi hvers einstaklings og því að allir séu jafnir frammi fyrir Guði. Hvers kyns greinarmunur sem gerður er á fólki eftir kyni, kynþætti, aldri og stétt er andstæður vilja Guðs. Kristur tók skýra afstöðu gegn hvers konar ranglæti eða misrétti og var alltaf málsvari þeirra sem brotið hafði verið á. Afstaða Hvítasunnukirkjunnar til hvers kyns ofbeldis, svo sem kynferðisbrota er byggð á þessum kristna mannskilningi. Stjórn kirkjunnar tekur alvarlega allar tilkynningar um misnotkun eða ofbeldi og vill leggja sitt af mörkum til að vernda börn og unglinga sem taka þátt í starfi kirkjunnar.

Stjórn og starfsmenn Hvítasunnukirkjunnar gera sér grein fyrir tilkynningarskyldu sinni og munu tilkynna allar athugasemdir barna um hvers kyns misnotkun og ofbeldi og vinna með yfirvöldum að því að upplýsa slík mál og vernda börnin. Stjórn kirkjunnar vill líka leggja sig fram við finna faglega hjálp þeim til handa sem gengið hafa í gegnum misnotkun eða ofbeldi í einhverri mynd.

Stjórn og starfsmenn kirkjunnar munu einnig tilkynna allan grun um hvers kyns óeðlileg samskipti, óæskilega hegðun og snertingu starfsfólks eða sjálfboðaliða sem eru í samskiptum við börn og ungmenni til yfirvalda



HVÍTASUNNUKIRKJAN
Á ÍSLANDI

2. Barnaverndarlög 2002 nr. 80 10. maí 2002

I. kafli. Markmið barnaverndarlaga o.fl.

1. gr. *Réttindi barna og skyldur foreldra.*

- Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.
-[Allir sem hafa uppleði og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppleðisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppleðisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.]1)

1)L. 52/2009, 1. gr.

IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr. *Tilkynningarskylda almennings.*

- [Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppleðisaðstæður,
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

-Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.]1)

1)L. 80/2011, 7. gr.

17. gr. *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

- [Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og

lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.]]1)

-Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum]]1) og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

-Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

1)L.80/2011,8.gr

VII. kafli. Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

36. gr. Upplýsingar úr sakaskrá.

[Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.]]1)

1)L. 80/2011, 20. gr.

XVIII. kafli. Refsiákvæði o.fl.

96. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

3. Skilgreining ofbeldis gagnvart börnum

Undir hugtakið barn falla allir einstaklingar yngri en 18 ára.

Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga. Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinahótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnræðisgrundvelli. (Tekið úr starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku Þjóðkirkjunnar nr. 955/2009)

4. Ábyrgð kirkjunnar

Stjórnir staðbundinna safnaða bera ábyrgð á ráðningu allra þeirra sem starfa með börnum og unglingum. Allir þeir sem vinna í barna eða unglingastarfi þurfa að skrifa undir yfirlýsingu og samþykka aðgang yfirmanna að sakaskrá viðkomandi.

Stjórn kirkjunnar heldur árlega fræðslu fyrir allt starfsfólk kirkjunnar sem vinnur að barna eða unglingastarfi, þar sem skyldur og starfsreglur kirkjunnar eru kynntar. Kynnt verður viðbragðsáætlun og fjallað um tilkynningaskyldu ef upplýsingar eða grunur um ofbeldi gegn barni hafa borist starfsfólki. Fagaðilar koma að þessari fræðslu.

Þekktur gerandi má ekki vera starfsmaður í barna eða unglingastarfi og aldrei vera eftirlitslaus með börnum og unglingum.

Allir þeir sem vinna með börnum og unglingum þurfa að huga að vernd þeirra og læra að virða þau mörk sem barnið eða unglingurinn setur.

Mikilvægt er að tryggja að fullorðinn einstaklingur sé aldrei einn með börnum. Reynið eftir fremsta megni að tryggja að tveir fullorðnir vinni með hverjum hóp.

5. Viðbragðsáætlun

Ef barn segir frá atburðum sem tengjast ofbeldi og misnotkun þá er mikilvægt að tryggja að barnið finni öryggi og að því sé trúað. Mikilvægt er að starfsmenn kirkjunnar leyfi barninu að tala án þess að leggja dóm á söguna eða grípa frammi fyrir barninu. Láttu barnið vita að það hafi verið rétt að segja frá. Segðu barninu svo frá því sem þú munt gera næst.

Ef grunur leikur á að um misnotkun eða ofbeldi hafi átt sér stað er mikilvægt að bregðast hratt við. Það er skylda samkvæmt lögum að tilkynna slíkt til þar til gerðra yfirvalda. Tilkynntu atburðinn eða grunsemdir þínar sem allra fyrst til Barnaverndar. Þú getur hringt í 112 og fengið leiðbeiningar um hvert þú ferð með málið.

Láttu foreldra vita eins fljótt og auðið er ef þau eru ekki í hlutverki geranda.

Láttu yfirmann þinn og fagrað þíns safnaðar vita samdægurs og leitaðu eftir ráðum og stuðningi við framvindu málsins. Ef ekki er til staðar fagrað í þínum söfnuði skal upplýsa siðferðisráð Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi um málið. Tilkynningin er á ábyrgð starfsfólks kirkjunnar, en rannsókn og aðgerðir eru á ábyrgð yfirvalda. Ekki hafa samband við geranda varðandi frásögu barnsins eða þínar eigin grunsemdir.

6. Eftirfylgd

Stjórn kirkjunnar, stjórnir staðbundinna safnaða og fagrað eða eftir atvikum siðferðisráð þurfa að styðja vel við barn og fjölskyldu þess eftir að málefni tengd misnotkun koma upp. Mikilvægt er að bjóða þá aðstoð sem kirkjan getur veitt og styður fjölskylduna í eigin úrvinnslu á málinu.

Stjórn kirkjunnar og stjórnir staðbundina safnaða taka allan grun um misnotkun alvarlega og tilkynna yfirvöldum. Á sama tíma skulu þær leita leiða til að styðja geranda við að leita sér hjálpar. Stuðningur við geranda má þó aldrei vera á kostnað þolanda.

Stjórn kirkjunnar þarf að veita starfsfólki sínu stuðning og sjá til þess að það hafi tækifæri til að leita faglegrar handleiðslu í tengslum við ofangreind mál.

7. Helstu símanúmer og sérfræðingar

Barnahús

530-2500

Pósthólf 4035

124 Reykjavík

Barnaverndarnefndir

Barnaverndarnefndir á Íslandi eru 28 talsins og er nefndunum skylt að taka á móti tilkynningum þegar þær berast og eðli máls samkvæmt getur reynst nauðsynlegt að tilkynna mál á öllum tímum sólarhrings.

Tilkynningum til nefndanna má koma til skila gegnum neyðarlínuna 112. Starfsmenn hennar meta alvarleika tilkynningarinnar og koma upplýsingum áfram til viðkomandi nefndar strax ef ástæða er til. Í þeim tilvikum sem ekki er um neyðartilvik að ræða og tilkynning berst utan opnunartíma er upplýsingum komið á framfæri strax og skrifstofa opnar.

Blátt áfram - Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi og ráðgjöf

www.blattafram.is blattafram@blattafram.is

sími: 533-2929

DrekaSlóð – Fyrir þolendur ofbeldis og eineltis

www.drekaslod.is drekaslod@drekaslod.is

sími: 551-5511

Stigamót – Fyrir þolendur kynferðisofbeldis

www.stigamot.is stigamot@stigamot.is

sími: 562-6868

Nánari upplýsingar og eyðublöð má

finna á heimasíðu Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi:

www.hvitasunnukirkjan.is

